

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, Vorsabæjarvellir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 10. desember 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, frá 19. maí 1994.

Breytt er legu vegar að hesthúsahverfi og að borholu ásamt bílastæði vegna útivistar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Bæjarstjórn tekur að sér að bæta tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið sem överulega breytingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. desember 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

15. desember 1999

Nr. 861

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 60/1991, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „0,055%“ í 1. gr. komi: 0,048%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 1999.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

30. nóvember 1999

Nr. 862

## REGLUGERÐ

### um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grindavík nr. 246/1990.

1. gr.

5. másl. í tölul. 2.2. í 2. gr. orðast svo:

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann hafnarstjórnar. Formaður stýrir fundum hafnarstjórnar og boðar til þeirra í samráði við bæjarstjóra.